

## Fundargerð

### 210. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs

Föstudaginn 15. desember 2014 kl. 09<sup>00</sup>–10<sup>00</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)  
Halldór Haraldsson (HH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Raf- og rafeindatækjaúrgangur
- (3) Önnur mál

### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (209. fundar).

### 2. Raf- og rafeindatækjaúrgangur

Lögð voru fram á fundinum drög að skilmálum fyrir þjónustu- og ráðstöfunaraðila vegna raftækjaúrgangs. Skilmálarnir verða til dreifingar í framhaldi af fundinum. GGÞ fór yfir á fundinum að Sorpa hefur boðið út viðtöku raf- og rafeindatækjaúrgangs af endurvinnslustöðvum Sorpu 2015. Útboðsskilmálar Sorpu voru lagðir fram á fundinum. Ekki er um að ræða útboð á gámaleigu eða akstri, aðeins greiðslu til Sorpu fyrir aðstöðu sem Sorpa veitir skv. ákvæðum í lögum um meðhöndlun útgangs. ÓK fór yfir að í lögnum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 segir að framleiðendur og innflytjendur skulu kosta geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs á söfnunarstöðvum sveitarfélaga.

GGÞ óskaði eftir álitum stjórnarmanna á þessari aðferð Sorpu við að innheimta greiðslur fyrir innsöfnun á raf- og rafeindatækjum. Hann fór yfir drög að bréfi til UAR með afriti til Sorpu, vegna þessarar aðferðar Sorpu, við að afla tekna við meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs er berst inn á söfnunarstöðvar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

*Stjórn samþykkir að senda bréf til UAR ásamt áorðnum breytingum. Afrit verð sent Sorpu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.*

### 3. Önnur mál

GGÞ fór yfir það að núverandi stjórn var skipuð þann 20. janúar 2011 og hafi því skipunartíma til og með 19. janúar 2015. GGÞ benti á það að þrátt fyrir þessa tilhögun hafi Alþingi samþykkt breytingar á fulltrúum í stjórn sjóðsins frá og með 1. janúar 2015. Við þessar breytingar á fulltrúum í stjórn Úrvinnslusjóðs missir atvinnulífið meirihluta í stjórn. Löggin gera ráð fyrir að fulltrúi LÍU og SF, nú SFS, fari úr stjórn og stað hans verði skipaður annar fulltrúi sveitarfélaga.

ÍG fór yfir stöðu er varðar verklýsingar væntanlegra þjónustuaðila og ráðstöfunaraðila. Ekki hafa komið neinar upplýsingar um birgðir af rr-úrgangi á starfssvæðum núverandi meðhöndlunaraðila.

Tillaga að flutningsjöfnun vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs verður send til þjónustuaðila í framhaldi af stjórnarfundi.

Næsti fundur ákveðinn 6. janúar 2014.

Fundi slitið kl 10:00